



Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. mars 2011

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um metanframleiðslu, 251. mál

Samtök iðnaðarins eru sammála flutningsmönnum tillögunnar um að áhugavert sé að auka metanframleiðslu hérlendis. Fjöldi fyrirtækja hefur öðlast þekkingu og reynslu á þessu sviði og tækifæri til tækniþróunar eru fjölmörg. Ríkisstjórnin hefur sett sér markmið í bæði loftslagsmálum og úrgangsmálum sem þetta verkefni getur stutt við.

Samtökin hafa á undanförunum mánuðum fengið til umsagnar frá Alþingi og stjórnvöldum fjölmargar tillögur sem beinast í þessa átt. Meðal annars tillögu til þingsályktunar um orkuskipti í samgöngum, 403. mál, en mikill samhljómur er með þessum tveimur tillögum nema að sú síðarnefnda fjallar um endurnýjanlega orkugjafa í samgöngum almennt og er mun ítarlegri en sú sem hér er lögð fram. Segja má að sú tillaga feli í sér þá tillögu sem hér er til umsagnar.

Umsagnaraðilar telja að rétt sé að beina kröftunum ekki í of margar áttir. Heillavænlegra er að fókusera og horfa á málin heildstætt, vanda undirbúning og horfa til reynslu annarra þjóða. Því er beint til nefndarinnar að skoða þessa þingsályktunartillögu með 403. máli.


Bryndís Skúladóttir,
forstöðumaður umhverfismála